



Verklagsreglur og hlutverk eftirlitsnefndar

3. mars 2010

María Thejll hdl.

forstöðumaður Lagastofnunar HÍ
formaður eftirlitsnefndar



Skyldur kröfueigenda

- **Ber skylda til** að setja sér reglur um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum skuldabréfa og lánsamninga sem kunna að leiða til eftirgjafar skulda eða annarra ívilnana
- Mikilvægt að vinnubrögð kröfueigenda séu samræmd og ákvarðanatak hlutlæg
- Framkvæmdin sanngjörn og byggð á jafnræði



Hlutverk eftirlitsnefndar að skoða hvort:

- Samræmdum reglum um sértæka skuldaaðlögun sé framfylgt af kröfueigendum, þ.e. bönkum, sparisjóðum, lífeyrissjóðum og öðrum fjármálafyrirtækjum
- Gætt sé sanngirni og jafnræðis milli skuldara við framkvæmd sértækra aðgerða
- Vakni grunur um að gengið sé að lögbundnu eigin fé við framkvæmd reglanna ber að tilkynna það til FME



Nánar um hlutverk nefndarinnar

- Hlutverk nánar útskýrt í nefndarálitum:
- Ber að kanna að eigin frumkvæði hvort starfað sé í samræmi við ákvæði laganna og eftir verklagsreglum sem settar eru á grundvelli þeirra



Nánar um hlutverk nefndarinnar

- Nefndinni ber að veita aðhald, svo ákvarðanir:
 - Verði ekki byggðar á geðþóttu
 - Byggi á hlutlægri og sanngjarni meðferð á grundvelli jafnræðis
 - Fylgi í hvívetna vönduðum viðskiptaháttum
- Verklagsreglurnar sem tryggja þetta best en tilvist og úttektir nefndarinnar hafa án efa sitt að segja



Framkvæmd eftirlitsins

- Eftirlitsnefndin skal hafa aðgang að öllum gögnum um ákvarðanir sem eru teknar á grundvelli laganna
- Nefndin bundin algjörum trúnaði
- Gengið út frá því að gögn séu varðveitt og haldin skrá um það hjá kröfuhöfum hvort fallist er á beiðni um skuldaaðlögun



Framkvæmd eftirlitsins

- Bréf til stærstu aðilanna - óskað eftir aðgangi að gögnum umfram þau gögn sem sérstaklega eru tilgreind í álitni en nauðsynleg fyrir starf nefndarinnar
- Fundað með nánast öllum og farið yfir:
 - Hvaða gögnum er óskað eftir og hvers vegna
 - Hvernig eftirlitinu verði háttað



Hvaða gögn og hvers vegna

- Verklagsreglur um sértækar aðgerðir
- Lista/gögn yfir allar beiðnir um sértæka skuldaaðlögun
- Fundargerðir lánanefnda, greiðsluerfiðleikanefnda og bankastjórna
- Sundurliðanir á afskriftarsjóði útlána
- Sundurliðun á afskrifuðum kröfum



Hvaða gögn og hvers vegna

- Skýrslur innri og ytri endurskoðenda
- Afrit skýrslu endurskoðunarnefndar
- Ársreikninga
- Mikilvægt að nefndin hagi eftirlitinu þannig að það sé raunverulegt og miði að því að greina ef brotalamir eru í framkvæmd gagnvart viðskiptavinum fjármálafyrirtækjanna



Hvernig mun nefndin starfa

- Aðstaða hjá fyrirtækjunum til að skoða gögnin
- Algjör trúnaður, gögn ekki tekin úr húsi
- Tekin afrit af öllu sem nefndarmenn skoða og varðveitt á staðnum af innri endurskoðanda eða umboðsmanni viðskiptavina



Skoðun mála

- Nefndin búin að setja upp nákvæma skoðunaráætlun
- Byggir á verklagsreglunum
- Farið í gegnum alla liði þeirra og skoðað hvort tekin hafi verið afstaða til allra þátta við meðferð einstakra mála
- Skjölun og ákvarðanataka í samræmi við verklagsreglurnar nauðsynleg innan fjármálafyrirtækjanna



Skoðun mála, framh.

- Getur reynt á það hvort FME þurfi að fá reglurnar aftur til samþykktar
- Ýmis sjónarmið sem ekki koma fram í reglunum en geta verið málefnaleg
 - Stærsti eða eini atvinnurekandinn í viðkomandi byggðarlagi
- Mörg ákvæði verklagsreglnanna opin og matskennd – hversu mikið vægi hefur hvert atriði í samanburði við önnur?



Verklagsreglurnar

- Í reglunum hvergi minnst á kjörin sem bjóðast við fjárhagslega endurskipulagningu – geta skipt miklu máli og mismunandi kjör falið í sér mismunun
- Ákvarðanir um yfirtöku eignarhluta að hluta eða öllu leyti - Spurning hvort ákvæði 6.4. hefði átt að taka á því líka



Næstu skref

- Lagt upp með að byrja á því að skoða mál einstaklinga og heimila
- Beiðni Arion banka um að skoða mál fyrirtækja
- Verið að setja upp skoðunaraðstöðu og safna saman gögnum
- Stefnt að skoðun/úttekt í næstu viku
- Mál tiltölulega fárra fyrirtækja afgreidd en mörg sem bíða



Birting verklagsreglna

- Verklagsreglurnar eiga að vera aðgengilegar fyrir lántaka og aðra viðskiptavini
- Mikilvægt að öll fjármálafyrirtæki birti reglurnar á áberandi stað á heimasíðum sínum
- Forsvarsmenn fyrirtækja kynni sér reglurnar og fari strax að vinna í sínum málum með fjármálafyrirtækjunum



Nefndin ekki úrskurðarnefnd

- Leysir ekki úr ágreiningsmálum
- Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki fjallar um ágreining viðskiptamanna við lánastofnanir
- Gagnlegt að fá upplýsingar um mál
- Netfang nefndarinnar
 - skuldaadlogun@evr.is



Frétt á Eyjunni

- Innlent - þriðjudagur - 19.1 2010 - 12:29
- **Telja engan vafa leika á að Landsbankinn hygli vildarvinum. Bankinn vísar því á bug**
- Eyjan hefur heimildir fyrir að Landsbankinn hygli óumdeilanlega sérstökum vildarvinum sínum bak við tjöldin og hefur gert undanfarna mánuði. Fimm aðilar sem Eyjan hefur rætt við, fasteignasalar og ráðgjafar, staðfesta að hafa trausta vitneskju um slíkt athæfi. Blaðafulltrúi bankans, Kristján Kristjánsson, vísar þessu alfarið á bug
- Sennilega er vægt til orða tekið að segja ítök bankans sterk í þjóðfélaginu því mörg af stærstu fyrirtækjum landsins eru á hendi Landsbankans eins og sakir standa með einum eða öðrum hætti að ótöldum nokkrum fjölda smærri fyrirtækja. Að auki er á framfæri bankans nokkur fjöldi stórra og smárra fasteigna vítt og breitt um land.